

1. MARKMIÐ

Í reglum þessum er fjallað um verklag bankans við mat á hæfi lykilstarfsmanna en eðli máls samkvæmt eru gerðar sérstaklega strangar kröfur til hæfis þeirra sem gegna slíkum ábyrgðarstöðum.

Reglurnar eru settar á grundvelli [laga nr. 161/2002, um fjármálafyrirtæki](#), reglum nr. 247/2017 um fyrirgreiðslur fjármálafyrirtækis til venslaðra aðila og sameiginlegum viðmiðunarreglum ESMA og EBA, Assessment of the Suitability of Members of the Management Body and Key Function Holders ([EBA/GL/2021/06](#)).

2. LYKILSTARFSMENN

Samkvæmt 2. gr. reglna nr. 247/2017 um fyrirgreiðslur fjármálafyrirtækis til venslaðra aðila, sbr. 40. tölul. 1. mgr. 1. gr. b. laga um fjármálafyrirtæki, er lykilstarfsmaður skilgreindur sem einstaklingur í stjórnunarstarfi, annar en framkvæmdastjóri, sem hefur umboð til að taka ákvarðanir sem geta haft áhrif á framtíðarþróun og afkomu fyrirtækisins. Þá skilgreina viðmiðunarreglur EBA hugtakið Key Function Holder með eftirfarandi hætti:

Key function holders means persons who have significant influence over the direction of the institution, but who are neither members of the management body nor the CEO. They include the heads of internal control functions and the CFO, where they are not members of the management body, and, where identified on a risk-based approach by relevant institutions, other key function holders. Other key function holders might include heads of significant business lines, European Economic Area/European Free Trade Association branches, third country subsidiaries and other internal functions.

Til samræmis við framangreint horfir bankinn, við skilgreiningu á „lykilstarfsmanni“, til þeirra starfsmanna sem geta haft veruleg áhrif á stefnu bankans og afkomu, eru hvorki stjórnarmenn né bankastjóri, og stýra annaðhvort mikilvægum viðskiptaeiningum eða innri stuðnings- og eftirlitseiningum. Á þessum grundvelli teljast eftirtaldir aðilar ávallt til lykilstarfsmanna Arion banka:

- Aðstoðarbankastjóri
- Framkvæmdastjóri áhættustýringar
- Framkvæmdastjóri fjármálasviðs
- Framkvæmdastjóri fyrirtækja- og fjárfestingarbankasviðs
- Framkvæmdastjóri markaða
- Framkvæmdastjóri viðskiptabankasviðs
- Innri endurskoðandi
- Regluvörður

Auk reglna þessara gilda eftirfarandi sérreglur um lykilstarfsmenn:

- Takmarkanir á fyrirgreiðslum til lykilstarfsmanna og aðila í nánnum tengslum við þá, sbr. 29. gr. a. laga um fjármálafyrirtæki og reglur nr. 247/2017.
- Stefna stjórnar um viðskipti við starfsfólk (e. Policy on Business Dealings of Employees), sbr. 57. gr. laga um fjármálafyrirtæki.
- Takmarkanir varðandi starfslokasamninga, sbr. 57. gr. d. laga um fjármálafyrirtæki,
- Í ársreikningi skal tilgreina fjölda lykilstarfsmanna, auk upplýsinga um heildargreiðslur og hlunnindi þeirra, sbr. 3. mgr. 87. gr. laga um fjármálafyrirtæki.

3. HÆFISSKILYRÐI

Lykilstarfsmenn skulu uppfylla eftirfarandi hæfisskilyrði:

- Búa yfir fullnægjandi sérfræðikunnáttu, færni og reynslu til að inna af hendi þau verkefni sem viðkomandi eru falin.
- Búa yfir viðeigandi persónulegum eiginleikum, þ.m.t. að vera heiðarleg og hugsa sjálfstætt.
- Hafa óflekkað mannorð og hafa fjárreiður í lagi.

Starf lykilstarfsmanns telst fullt starf og er óheimilt að sinna aukastörfum samhliða þeim, nema með leyfi bankastjóra í samræmi við reglur bankans um atvinnuþátttöku.

Við mat á því hvort umsækjandi uppfylli hæfisskilyrði skal hafa hliðsjón af viðmiðum EBA ([EBA/GL/2021/06](#)) og [mannauðsstefnu](#) bankans.

4. MAT Á HÆFI

Mannauður hefur umsjón með mati á hæfi þeirra sem sækjast eftir stöðu lykilstarfsmanns, áður en viðkomandi er ráðinn. Endanlegt mat á hæfi er í höndum bankastjóra, nema í tilviki innri endurskoðanda, en þá er endanlegt mat í höndum stjórnar.

Eftirfarandi gögn og upplýsingar skulu fylgja umsókn:

- Ferilskrá með ítarlegum upplýsingum um menntun og starfsreynslu, nema um sé að ræða núverandi starfsmann bankans.
- Upplýsingar um umsagnaraðila.
- Sakavottorð og upplýsingar sem staðfesta að viðkomandi sé ekki í vanskilum.
- Upplýsingar um hagsmunatengsl.

Umsóknarferlið:

- Mannauður hefur samband við a.m.k. tvo umsagnaraðila.
- Umsækjandi skal undirgangast persónuleikapróf.
- Mannauður tekur viðtal við umsækjanda, ásamt þeim sem leggur endanlegt mat á hæfi.

Mannauður hefur umsjón með móttöku nýrra leiðtoga í samræmi við ferli um móttöku nýliða. Leiðtogi skal fá viðeigandi kynningu á starfsemi bankans innan mánaðar frá því viðkomandi hefur störf, þ.m.t. er varðar rekstur og áhættustýringu.

5. VIÐVARANDI HÆFI

Hæfisskilyrði gilda á meðan aðili gegnir viðkomandi stöðu.

Það er á ábyrgð viðkomandi einstaklings að viðhalda þekkingu sinni með endurmenntun sem nýtist í starfi viðkomandi. Lykilstarfsmenn skulu ljúka a.m.k. 20 vinnustundum af endurmenntun ár hvert og skulu skrá endurmenntun sína á starfsmannavefinn. Þá skulu lykilstarfsmenn sýna gott fordæmi og ljúka þeim námskeiðum sem starfsfólki ber skylda að taka hverju sinni. Mannauður hefur eftirlit og umsjón með endurmenntunarkröfum.

Verði breytingar sem kunna að hafa áhrif á hæfi viðkomandi, þ.m.t. breytingar á hagsmunatengslum, ber viðkomandi að tilkynna slíkt til bankastjóra án tafar.

Ef einstaklingur uppfyllir ekki viðeigandi hæfisskilyrði skal bæta úr því innan 12 mánaða, þar sem slíkt er unnt, en ella telst viðkomandi vanhæfur til að gegna stöðunni og verður að víkja.

6. GILDISTAKA O.FL.

Reglur þessar taka gildi við birtingu. Þær skulu endurskoðaðar a.m.k. á þriggja ára fresti.

Reglur þessar skulu birtar á innraneti og heimasíðu bankans.

Uppfært 27. mars 2026.